



EINELTISÁÆTLUN

Leikskólinn Undraland Flúðum



30. JANÚAR 2025
LEIKSKÓLINN UNDRALAND
Hrunamannahreppur

Efnisyfirlit

Eineltiáætlun	3
Að þekkja einelti	3
Til að sporna við einelti er mikilvægt að:	4
Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum:	5
Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:	5
Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi.....	6
Í eineltisteymi Undralands sitja:.....	6
Viðbragðsáætlun – ágreiningsmál.....	6
Ágreiningur um meðferð eineltis og ofbeldismála.....	6
Fyrstu viðbrögð vegna ágreiningsmála milli starfmanns og barns í Undralandi:6	
Tilkynning — grunur um einelti. Eyðublað 1	8
Skráningarblað um einelti, eftirfylgni. Eyðublað 2	9
Skráningarblað um einelti, frekari aðgerðir. Eyðublað 3	10
Skráningarblað um einelti, frekari aðgerðir. Eyðublað 4	11

Eineltiáætlun

Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Unralandi. Leitast er við að fyrirbyggja einelti og ofbeldi með forvarnarstarfi. Starfsfólki og foreldrum ber að tilkynna grun eða vitneskju um einelti til deildarstjóra eða skólastjóra strax og þess verður vart. Skólinn okkar á að vera öruggur vinnustaður bæði fyrir börn og starfsmenn þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju.

Einelti getur verið:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar eða skemmdarverk.
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni.
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi.
- Efnislegt: eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar.
- Andlegt: þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.

Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja.

Starfsmönnum leikskólanna ber að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því. Það telst einelti þegar um ítrekað ofbeldi er að ræða gagnvart einstakling eða hóp og getur það bæði verið líkamlegt og andlegt.

Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann. Gerendur og þolandur í einelti geta verið einn eða fleiri.

Að þekkja einelti

Sá einstaklingur sem verður fyrir einelti eða ofbeldi segir oft ekki frá því heldur skammast sín og kennir sjálfum sér jafnvel um. Þess vegna er mjög áríðandi að allir þekki einkenni eineltis.

Hugsanlega er um einelti að ræða ef barnið:

- Vill ekki fara í skólann.
- Kvartar undan vanlíðan á morgnana.
- Byrjar að stama, missir sjálfstraustið.
- Leikur sér ekki við önnur börn.
- Neitar að segja frá hvað amar að.
- Kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki útskýrt.
- Verður árásargjarn og erfiður viðureignar.

Verði foreldrar / forráðamenn eða starfsmenn varir við einhver þessara einkenna eða önnur sem benda til að barninu líði illa er mikilvægt að kanna málið, hafa samband við deildarstjóra eða skólastjóra.

Til að sporna við einelti er mikilvægt að:

- vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina.
- skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis.

Einelti getur átt sér stað á milli:

- starfsmaður / starfsmaður
- barn / barn
- starfsmaður / barn
- barn / starfsmaður

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem polendur, gerendur eða áhorfendur.

Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til rétttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst

á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála.

Skólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti.

Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum:

- Einn starfsmannafundur á ári tileinkaður samskiptum / einelti þar sem samskiptastefna og eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.
- Markviss fræðsla um einelti og samskipti.
- Umræður og fræðsla um samskipti þurfa að vera stöðugt í brennidepli.
- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum fullorðna um að það sé eðlilegt að ræða þær.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:

- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Kanna líðan barnanna.
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum ?
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám – þar sem að unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðun.
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi

Starfsmenn Undralands eru sammála um að einelti og annað ofbeldi verði ekki liðið í skólanum. Leitað verður leiða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi í skólanum og leysa á farsælan hátt þau mál sem upp koma. Undraland á að vera öruggur vinnustaður þar sem öllum á að líða vel.

Við skólann er starfandi eineltisteymi sem tekur við öllum tilkynningum og sinnir þeim.

Skrá þarf allan grun um einelti sem upp koma í skólanum á eineltisskráningarblað sem er í möppu hjá skólastjóra.

Einnig þarf eftirfylgni með einelti.

Í eineltisteymi Undralands sitja:

- Skólastjóri
- Deildarstjórar
- Umsjónarmaður sérkennslu.

Allar ákvarðanir og úrræði sem gripið er til eru skráðar þannig að vinnuferli hvers máls sést greinilega og því fylgt eftir. Eineltisteymi skólans sér um þessar skráningar.

Viðbragðsáætlun – ágreiningsmál

Ágreiningur um meðferð eineltis og ofbeldismála

- Verði ágreiningur milli skólastjórnenda og forráðamanna barna um meðferð mála sem ekki tekst að leysa getur hvor aðili um sig vísað málinu til Skólaþjónustu Árnesþings.
- Verði ágreiningur milli starfsmanna um meðferð mála sem ekki tekst að leysa með aðkomu stjórnenda skólans getur hvor aðili um sig vísað málinu til sveitartjóra og/eða skólaþjónustu Árnesþings.

Fyrstu viðbrögð vegna ágreiningsmála milli starfmanns og barns

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um málið.
- Skólastjóri hefur samráð við foreldra og/eða deildarstjóra um hvað gera skuli innan skólans.
- Viðbragðsteymi sem saman stendur af foreldrum þess barns sem málið varðar ef við á, deildarstjóra og skólastjóra (eða staðgengli hans) heldur fund þar sem upplýst er um málið. Á fundinum er metið hverjir eiga að fá upplýsingar um málið og um frekari vinnslu þess.

- Ef utanaðkomandi aðilar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti.

Skólastjóri ber ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega

Janúar 2025 – JBJ

Trúnaðarmál

Tilkynning — grunur um einelti

Þolandi (nafn): _____

Gerandi/gerendur (nafn/nöfn): _____

Stutt lýsing á eineltinu, grunur, hvar og hvenær?

Móttakandi:

☐ Deidarstjóri

☐ Skólastjóri

☐ Sérkennslustjóri

Dags: _____

Dags: _____

Undirskrift móttakanda

Tilkynnt af

Ljósrit af blaði afhent tilkynnanda.

Móttakandi kemur tilkynningunni til eineltisteymis Undralands

Trúnaðarmál

Skráningarblað um einelti, eftirfylgni

Polandi (nafn): _____

Gerandi/gerendur (nafn/nöfn): _____

Stutt samantekt á niðurstöðum viðtala við polanda og dagsetningar þeirra:

Stutt samantekt á niðurstöðum viðtala við geranda og dagsetningar þeirra:

Stutt samantekt á niðurstöðum samtala við foreldra polenda ef við á, og dagsetn. þeirra: _____

Stutt samantekt á niðurstöðum samtala við foreldra gerenda og dagsetningar þeirra: _____

☐ Einelti er hætt

☐ Einelti ennþá til staðar, frekari aðgerðir

☐ Deildarstjóri upplýsir eineltisteymi um stöðu mála

Dags: _____

Undirskrift deildarstjóra/skólastjóra

Ljósrit af blaði afhent tilkynnanda.

Móttakandi kemur tilkynningunni til eineltisteymis Undralands

Trúnaðarmál

Skráningarblað um einelti, frekari aðgerðir

Niðurstaða viðtala við þolanda og/eða foreldra og dagsetning þeirra:

Niðurstaða viðtala við geranda og/eða foreldra og dagsetning þeirra:

() Einelti lokið.

() Einelti enn til staðar, frekari aðgerðir með eineltisteymi skólans

Deildarstjóri upplýsir skólastjóra og eineltisteymi um stöðu mála. Ef einelti er enn til staðar vinnur eineltisteymi með deildarstjóra í málinu.

Dags: _____

Undirskrift deildarstjóra/skólastjóra

Ljósrit af blaði afhent tilkynnanda.

Móttakandi kemur tilkynningunni til eineltisteymis Undralands

Trúnaðarmál

Skráningarblað um einelti, frekari aðgerðir

Niðurstaða viðtala við þolanda og/eðaforeldra og dagsetning þeirra:

Niðurstaða viðtala við geranda og/eða foreldra og dagsetning þeirra:

() Einelti lokið.

() Einelti enn til staðar, frekari aðgerðir og málinu vísað til nemendaverndarráðs

Deildarstjóri upplýsir eineltisteymi um stöðu mála. Málinu vísað til nemendaverndarráðs ef einelti er enn til staðar.

Dags: _____

Undirskrift fulltrúa eineltisteymis

Undirskrift deildarstjóra/skólastjóra

Ljósrit af blaði afhent tilkynnanda.

Ég hef lesið yfir eineltisáætlun Undralands.

Dagsetning

Nafn